



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.10.2018
Málafylkill	00.92
Mál nr.	1810363

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 25. október 2018

Varðar: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 176. stjórnarfundum þann 19. október 2018 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.

Um tvenns konar taxa er að ræða. Annars vegar vegna gjalddöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjalddöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjalddöku er 14.161 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjalddöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjalddöku er 19.117 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjalddakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjalddöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.

Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllt,


Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 19. október 2018